

✉ Re: Beiðni um umsögn vegna skipulags- og matslýsingar Skjólbrekku við Skútustaði

Búið til	14.4.2021 18:08:30
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	14.4.2021 18:08:54
Tilheyrir	📁 202103-0025 - Umsögn vegna skipulags- og matslýsingar Skjólbrekku við Skútustaði

Efni

Re: Beiðni um umsögn vegna skipulags- og matslýsingar Skjólbrekku við Skútustaði

Upplýsingar

Sent	14.4.2021 18:08:54	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	atli@skutustadahreppur.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202103-0025

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skútustaðahreppi, dags. 22. mars 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við skipulags- og matslýsingu sem unnin er vegna breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 og gerð deiliskipulags að Skjólbrekku við Skútustaði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulags- og matslýsingu og vill koma með eftirfarandi ábendingar.

Lög um verndun Mývatns og Laxár frá 2004 eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða (lög nr. 97 frá 9. júní 2004.).

Náttúruverndarsvæðið Mývatn og Laxá er einstakt bæði á lands- og heimsvísu og nær yfir merkar náttúruminjar er varðar bæði lífríki og jarðminjar sem endurspeglar mikinn fjölbreytileika, auk þess sem landslag er stór og mikilvægur þáttur svæðisins. Verndarsvæðið Mývatn og Laxá er eitt af fáum svæðum á landinu þar sem náðst hefur heildstæð vernd yfir náttúruvar og landslag sem hefur mjög mikið vísindagildi og hátt alþjóðlegt verndargildi. Alþjóðlegt mikilvægi svæðisins endurspeglast í því að þar gildir alþjóðasamþykkt um fuglavernd, svæðið er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (BirdLife International), Ramsarsamningur um vernd votlendis, samningur um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og

Bernarsamningurinn um vernd villtra plantna og dýra ásamt lífsvæða þeirra. Þá er náttúruverndarsvæðið Mývatn og Laxá á yfirlitsskrá UNESCO sem stjórnvöld hafa samþykkt sem mögulegar tilnefningar á heimsmínjaskrá (<https://whc.unesco.org/en/tentativelists/5586/>) (<https://whc.unesco.org/en/tentativelists/5586/>), <http://www.heimsmijnjar.is/images/tentative/myvatn.pdf> (<http://www.heimsmijnjar.is/images/tentative/myvatn.pdf>)). Náttúrufræðistofnun tilnefndi svæðið á B-hluta framkvæmdaráætlunar náttúruheimsmínjaskrár árið 2018 vegna fugla (<https://www.ni.is/greinar/na-myvatn-laxa>).

Náttúruverndarsvæðið Mývatn og Laxá er mjög viðkvæmt fyrir hverskonar raski og framkvæmdum og má segja að allar framkvæmdir geti haft ófyrirséðar afleiðingar á náttúruferlinum svæðisins. Núverandi byggð við Mývatn er í dag að mestu í sátt við umhverfið en ekki má mikið útaf bera til að stórslys verði eins og kom t.d. fram í umræðum um fráveitumál svæðisins árið 2016 og 2017

(<http://www.skutustadahreppur.is/img/files/M%C3%BDvatn%20fr%C3%A1veitum%C3%A1l%20-%20kynning%20RS%2014%20sept%202017.pdf>

(<http://www.skutustadahreppur.is/img/files/M%C3%BDvatn%20fr%C3%A1veitum%C3%A1l%20-%20kynning%20RS%2014%20sept%202017.pdf>),

http://www.myv.is/files/Umhverfisr.%20%20Fr%C3%A1veitum%C3%A1l%20vi%C3%B0%20M%C3%BDvatn%2014.2.2017_1293879718.pdf

(http://www.myv.is/files/Umhverfisr.%20%20Fr%C3%A1veitum%C3%A1l%20vi%C3%B0%20M%C3%BDvatn%2014.2.2017_1293879718.pdf).

Núverandi deiliskipulagstillaga við Skjólbrekku við Skútustaði miðar að því að auka framboð lóða, ásamt breytingum á núverandi byggingum og notkun þeirra. Umfang þessara framkvæmda kemur ekki fram í skipulagslýsingu. Náttúrufræðistofnun telur að breytingar á núverandi landnotkun muni fyrst og fremst raska menningarlandslagi við Skjólbrekku og breyta ásjón svæðisins í heild. Þar fyrir utan, eins og áður hefur komið fram, eru fyrirhugaðar framkvæmdir innan verndarsvæðis sem hefur hátt verndargildi og nýtur mikillar náttúruverndar þ.m.t. af mörgum alþjóðlegum samningum sem íslensk stjórnvöld hafa samþykkt.

Þá er skýrt kveðið á um í 3. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár að allar framkvæmdir innan verndarsvæðisins sem geta haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag séu háðar leyfi Umhverfisstofnunar nema að framkvæmdir séu samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.

Út frá framangreindu mælir Náttúrufræðistofnun eindregið gegn fyrirhuguðu deiliskipulagi Skjólbrekku við Skútustaði og samhliða breytingu á skilgreiningu landnotkunar í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

Náttúrufræðistofnun Íslands áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Atli Steinn Sveinbjörnsson" <atli@skutustadahreppur.is>

To: "Sædís Gunnarsdóttir" <saedis@minjastofnun.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "hne@hne.is" <hne@hne.is>; "Fjöregg Mývatn" <fjoregg@gmail.com>; "Sigprúður Stella Jóhannsdóttir" <sigthrudurstella@gmail.com>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Árni Einarsson" <arnie@hi.is>; "Þingeyjarsveit" <thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is>; "nordurthing@nordurthing.is" <nordurthing@nordurthing.is>; "mulathing@mulathing.is"

<mulathing@mulathing.is>; "klaustur@klaustur.is" <klaustur@klaustur.is>

CC:

Subject: Beiðni um umsögn vegna skipulags- og matslýsingar Skjólbrekku við Skútustaði

Date: 22.3.2021 14:30:42

Góðan dag,

Óskað er eftir umsögn við skipulags- og matslýsingu sem unnin er vegna breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 og gerð deiliskipulags að Skjólbrekku við Skútustaði.

Fyrirhuguð skipulagsáform gera ráð fyrir íbúðaruppbyggingu innan þéttbýlissvæðis skv. aðalskipulagi.

Kynningarfundur verður haldinn að Skjólbrekku, miðvikudaginn 24. mars 2021 kl 20:00 og varpað í lifandi streymi á facebook vef sveitarfélagsins.

Umsagnarfrestur er til og með miðvikudagsins 14. apríl 2021.

Bestu kveðjur



Atli Steinn Sveinbjörnsson

Skipulagsfulltrúi

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 6664

atli@skutustadahreppur.is (mailto:atli@skutustadahreppur.is)

www.skutustadahreppur.is (<http://www.skutustadahreppur.is/>)



Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<http://www.skutustadahreppur.is/v/19465>)

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image003.jpg (1 KB)

image003.png (3 KB)

image001.png (5 KB)

image006.png (7 KB)

image001.png (18 KB)

image007.jpg (1 KB)

image005.jpg (26 KB)